

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610



Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 19. TBL.

6. FEBRÚAR 2009

Nýr samningur um skólaakstur undirritaður

Í dag var skrifað undir samning milli Hafnarfjarðar-bæjar og **Hópbíla** um fastan akstur skólabarna (sund og íþróttir). Samningurinn

gildir í fjögur ár. Nýmæli í samningi er að krafa er gerð um að **Hópbílar** innleiði bifreiðar til skólaaksturs sem knúnar eru vistvænum orku-

gjafa. Ýmis önnur ákvæði eru í samningnum, m.a. um öryggismál, þjálfun bílstjóra, stundvísi o.fl.



Frá undirritun samnings um skólaakstur, Gísli Jens Friðjónsson frá Hópbílum og Magnús Baldusson fræðslustjóri.

Málþing um rafræn einelti

Málþing um rafrænt einelti verður haldið næsta þriðjudag, 10. febrúar í Skriðu, Háskóla Íslands, við Stakkahlíð, kl. 14.30 - 16.15.

Dagskrá

Kl. 14:30 Heilbrigðisráðherra setur málþingið / Sjöfn Þórðardóttir formaður *Heimilis* og skóla flytur ávarp.

Kl. 14:35 Heiða Kristín Harðardóttir fjallar um tegundir og birtingaform rafræns eineltis.

Kl. 14:50 Krístrún Birgisdóttir fjallar um nýja rannsókn á rafrænu einelti.

15:05 Guðný Kristjáns-

dóttir (móðir) og Kristín Rán Júlíusdóttir 16 ára (dóttir) segja frá reynslu sinni af rafrænu einelti.

Kl. 15:20 Halldór Jörgenson, framkvæmdastjóri Microsoft Íslandi, fjallar um tæknilegt umhverfi rafræns eineltis og eftirlit foreldra.

Kl. 15:35 Þórir Ingvarsson, rannsóknarlögreglumaður, fjallar um afskipti og meðferð lögreglunnar á rafrænu einelti.

Kl. 15:50 Björn Harðarson, sálfræðingur, fjallar um sál- og félagsfræðilegar hliðar eineltis.

Kl. 16:05 Samantekt, Þorlákur Helgason.

Kl. 16:10 Umræður og veitingar.



Skólaþróun

Vinsamlega tilkynnið þátttöku á saft@saft.is.

Sérstök athygli er vakin á því að málþingið verður einnig sent út á vefnum, vefslóð fyrir netútsendingu er <http://sjonvarp.khi.is/>.

SAFT er vakningarverkefni um jákvæða og örugga netnotkun barna og unglinga á netinu og tengdum miðlum. Það hefur á síðustu árum staðið fyrir viðburðum á alþjóðlega netöryggisdaginn. Í ár standa menntamálaráðuneyti, Heimili og skóli, SAFT, Síminn, Microsoft Íslandi og Lýðheilsustöð sameiginlega að málþinginu.

VERKEFNISVEFSLÓÐ: <http://www.saft.is/>



Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Námsgagnastofnun auglýsir enn eftir höfundum (eða höfundum) til að semja kennslubók í landafræði Evrópu. Um er að ræða margnota nemendabók, u.þ.b. 80 síður ásamt kennsluleiðbeiningum á pdf-form, með verkefnum og ítarefni u.þ.b. 48 síður. Efnið er ætlað miðstigi grunnskóla. Mikilvægt er að höfundur/höfundar hafi yfirgrípsmikla þekkingu á viðfangsefninu, einhverja reynslu af grunnskólakennslu, hugmyndaauðgi og færni í að skrifa læsilegan og auðskilinn text. Gert er ráð fyrir að námsefnið verði tilbúið til dreifingar í skóla haustið 2010. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um menntun, starfsreynslu og meðmælendur ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Ekki þarf að fylla út sérstakt umsóknarblað. Umsóknum skal skila til Sigrúnar Sóleyjar Jökulsdóttur, ritstjóra hjá Námsgagnastofnun. Netfang sigrun@nams.is.

» Frá Námsgagnastofnun: Nú eru komin á vef Námsgagnastofnunar verkefni með 13 fræðslumyndum í náttúrufræði. Lausnir fylgja öllum verkefnum. Meginmarkmiðið með þeim er að beina athygli nemenda að innihaldi myndarinnar og um leið að þjálfa athygli þeirra á því sviði. **Lesum og skoðum orð** er gagnvirkur vefur sem miðast við að mæta áherslum í heildstæðri móðurmálskennslu í fyrstu bekkjum grunnskólans sem nýlega var opnaður.



Nemendur í Lækjarskóla.

Ljósmyndavinnsla er skemmtileg í tölvum

Myndvinnsla í tölvum, á ljósmyndum og teikningum, er skapandi iðja. Hér verða kynntir nokkrir möguleikar í myndvinnslu og er umfjöllun skipt í þrjú flokka.

Myndvinnsluforrit:

Hugtakið „að fótóshoppa“ hefur tekið sér fótfestu í íslenska máli og merkir nánast hvernig hægt sé að fegra fólk á ljósmyndum með samnefndu forriti. Slík forrit eru þó fjölmörg önnur en Photoshop og duga vel í skólastarfi. Photoshop er selt forrit en hér eru kynnt til sögunnar friforrit. Þar má

nefna forrit eins og [Gimp](#), [Gimpshop](#) (sem stælir framsetningu Photoshop), [Paint.net](#) (sem kennt er á á námskeiðum Skólaskrifstofu), [PhotoFiltre](#) og [Snapfire](#). Nokkur slík forrit vinna beint á vefnum, s.s. [Splashup](#), [Photoshop Express](#) og [Picnic](#).

Myndaumsýsluforrit:

Það eru forrit sem eru hugsuð til að halda utan um myndirnar í tölvunni, nokkurs konar tölvumyndaalbúm. Dæmi um slík forrit eru [Picasa](#) og [Zoner Photo Studio](#).

Fríhugbúnaður

Önnur ljósmyndaforrit bjóða upp á takmarkaðri og sérhæfðari möguleika. [Rastor-bator](#) breytir ljósmyndum í stór plaköt. [Auto-Stitch](#) býr til panorama myndir úr nokkrum myndum (af sama viðfangsefni frá nokkrum sjónarhornum).

Það eru gríðarlega margir möguleikar í vinnslu ljósmynda í tölvum fyrir alla sem vilja spreyta sig. Það þarf aðeins að finna forrit og verkefni sem hæfa hverjum og einum. Þar skiptir máli hvað maður hefur áhuga á í ljósmyndun og ljósmyndavinnslu.

VEFSLÓÐ: <http://www.skolathroun.is/?pageid=48>

Námskeiðahaldið í næstu viku

9. feb. mánudagur

- **Skerpla einstaklingsmiðað nám** (Vallarskólaleiðin) í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-16.30. Laus pláss.
- **Grunnámskeið í myndvinnslu (Paint.net)** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17. **FULLT**
- **Nemendur með tourette** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17. Laus pláss.

10. feb. þriðjudagur

- **Verkefnisstjórnun forystuskóla** á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar (3. hæð) kl. 13-16. **FULLT**

11. feb. miðvikudagur

- **Byrjendalæsi** í fyrirlestrarsal Hvaleyrarskóla kl. 13.30-14.45. Laus pláss.
- **Lestur er línudans** í fyrirlestrarsal Hvaleyrarskóla kl. 15-17. Laus pláss. (Ath! Nýr staður miðað við kynningu í námskeiðsbæklingi)

VEFSLÓÐ: <http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/upload/files/pdf/skolaskrifstofa/hugmyndablod/namskeidsbaeklingur08-09vor.pdf>

Tilkynning vikunnar

Athugið að námskeiðin tvö sem verða á miðvikudaginn næsta, 11. febrúar hafa verið flutt í fyrirlestrarsal Hvaleyrarskóla sökum mikillar þátttöku (úr Menntasetrinu við Lækinn). Mætið tímanlega.

Næsta blað **Skólavefritsins** er væntanlegt föstudaginn **13. febrúar 2009**